

er þau synjuðu honum um umkrafða lækkun og byggt það á sömu ástæðum og hann hefir haldið fram um niðurfjöfnunarnefndina.

Fyrir fógetaréttinum liggur ekkert fyrir um það, að þessi yfirvöld hafi eigi byggt mat sitt á útsvarinu á þeim staðreyndum, sem útsvarslögin gera ráð fyrir.

Samkvæmt framansögðu geta ekki mótmæli gerðarþola gegn lögmæti útsvarsálagningarinnar orðið tekin til greina og á því hin umbeðna gerð fram að fara.

Mánudaginn 19. júní 1933.

Nr. 45/1933. **Valdstjórnin** (Th. B. Lindal)

gegn

Helga Guðmundssyni

(Garðar Þorsteinsson).

Áfengislagabrot.

Dómur lögregluréttar Suður-Múlasýslu 4. marz 1933: Kærður, Helgi Guðmundsson, sæti 15 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og greiði auk þess 1000 króna sekt í rikissjóð, og afplánist sektin með 45 daga einföldu fangelsi, ef hún verður eigi greidd innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa. Áhöld þau sem notuð hafa verið við bruggunina eru upptæk gerð og eyðileggjast. Áfengið er og gert upptækt og rennur andvirði þess í rikissjóð. Kærður greiði allan kostnað málsins sem orðinn er og verður.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Enda þótt áfengisstyrkleiki hins bruggaða vökva hafi ekki verið mældur, þykir mega gera ráð fyrir því, að hann hafi verið yfir lögleyfðu marki, þar sem kærði hefir kannast við brot sitt og seldi flöskuna á 8—10 krónur.

Brot ákærða heyrir undir 6. og 11. gr. laga nr. 64/1930, eins og í hinum áfrýjaða dómi segir, og á kærði að sæta refsingu fyrir það eftir 30. og 32. gr. sömu laga. Með hliðsjón af því, að kærði, sem hefir fyrir veikri konu og 3 ungum börnum að sjá, leiddist til verknaðar síns vegna atvinnuleysis og til þess að komast hjá því að leita sveitarstyrks, þykir refsing hans hæfilega ákveðin 10 daga einfalt fangelsi og 500 kr. sekt í ríkissjóð, og komi í stað hennar 25 daga einfalt fangelsi, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu þessa dóms. Ákvæði hins áfrýjaða dóms um upptöku áfengis og bruggunartækja og um greiðslu málskostnaðar í héraði þykir mega staðfesta. Svo greiði kærði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 50 kr. til hvors.

Það er aðfinnsluvert við meðferð málsins í héraði, að áfengisstyrkleiki hins bruggaða vökva hefir eigi verið reyndur og að rannsóknardómarinn hefir ekki látið úrskurð sinn um húsleit hjá kærða í dómsgerðirnar.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Helgi Guðmundsson, sæti 10 daga einföldu fangelsi og greiði auk þess 500 króna sekt í ríkissjóð, og komi 25 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Ákvæði hins áfrýjaða dóms um upptöku áfengis- og bruggunartækja og um greiðslu málskostnaðar í héraði skulu vera óröskuð. Svo greiði kærði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar

með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Theódórs B. Lindals og Garðars Þorsteinssonar, 50 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af hálfu valdstjórnarinnar höfðað gegn Helga Guðmundssyni, trésmið á Eskifirði fyrir brot á áfengislögum nr. 64, frá 19. maí 1930 og eru tildrög málsins þessi.

Við húsrannsókn er fram fór að undangengnum úrskurði, á heimili kærða, hinn 17. f. m. fannst uppi á lofti í húsinu ker eitt með blöndu í, er kærði kannaðist við að væri áfengi í bruggun. Var tekið sýnishorn af blöndu þessari og innsiglað, en afgangnum helt samstundis niður. Ennfremur fundust þar á loftinu bruggunaráhöld og hefir kærður undir rannsókn málsins kannast við að hann hafi verið að eima blöndu þessa, er húsleitinn hófst. Loks fannst í afþiljaðri kompu uppi á lofti áfengi í 3 flöskum. Þegar áfengi þetta fannst, tókst kærða að brjóta eina flöskuna á þann hátt, að hann sló í hana með hamri, sem hann hélt á, en tvær flöskur tók lögreglan í sínar vörslur og innsiglaði og var innihald þeirra á að giska 2—3 lítrar. Áfengi þetta kannaðist kærði við að hafa bruggað sjálfur. Kærður kveðst hafa bruggað áfengi um alllangt skeið og hafa leiðst út í þetta vegna atvinnuleysis s. l. ár og í vetur. Hafi hann ýmist neytt þessa áfengis sjálfur eða veitt það og selt og hafi verðið verið 8—10 kr. fyrir hverja flösku.

Ákærði hefir með þessu gerzt brotlegur við 6. og 11. gr. laga nr. 64 frá 19. maí 1930 og þykir refsingin, með hliðsjón af því að kærði hefir ekki áður sætt refsingu fyrir nokkurt afbrot, hæfilega ákveðin 15 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 1000 króna sekt er renni í ríkissjóð og komi í stað sektarinnar, ef hún verður eigi öll greidd á ákveðnum tíma, 45 daga einfalt fangesli.

Bruggunartækin skulu upptæk gerð og eyðilögð, svo er og áfengið einnig gert upptækt og renni andvirði þess í ríkissjóð, sé það nokkurs virði.

Kærði greiði og allan kostnað sakarinnar. Á málinu hefir enginn óþarfa dráttur orðið.

Föstudaginn 23. júní 1933.

Nr. 144/1932. **Jóhannes Jósefsson** (Jón Ásbjörnsson)
gegn

Tómasi Hallgrímssyni
(Th. B. Lindal).

Krafa um skaðabætur vegna fyrirvaralausrar uppsagnar á starfi tekin til greina.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. ágúst 1932: Stefnður, Jóhannes Jósefsson, greiði stefnandanum, Tómasi Hallgrímssyni kr. 2400,00 með 5% ársvöxtum frá 19. september 1930 til greiðsludags og kr. 150,00 í málskostnað innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Áfrjandi hefir krafizt sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir hæstarétti. Stefndi hefir krafizt staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir hæstarétti.

Af ástæðum þeim, sem í hinum áfrýjaða dómi greinir þykir mega staðfesta hann.

Eftir þessum málalokum þykir rétt að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 300 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Flutningur þessa máls fyrir bæjarþingi Reykjavíkur hefir staðið yfir frá 9. okt. 1930 og til 23. júní 1932, eða eitt ár og nálægt 8½ mánuð. Hafa